

HEILSUTENGDA FERÐAÞJÓNUSTA



SKÝRSLA NEFNDAR UM HEILSUTENGDA FERÐAÞJÓNUSTU

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
JÚNÍ 2000

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Inngangur	5
A. Veganesti	6
Skipunarbréf	6
Stefnumótun ráðherra	6
Markmið stefnumótunar	6
B. Verkefnaáætlun	7
1. Forgangsverkefni	7
1.1 Ímynd landsins	
1.2 Rannsóknir	7
1.2.1 Jarðhiti og fl.	7
1.2.2 Úttekt á stöðu heilsutengdrar ferðaþjónustu erlendis	8
1.2.3 Könnun	8
1.3 Ráðstefna	8
1.4 Staðardagskrá 21	9
1.5 Flokkun heilsuþaðstaða	10
1.6 Vöruþróun	10
2. Samstarfsverkefni	10
2.1 Ráðuneyti og stofnanir	10
2.1.1 Hvatningarverðlaun	10
2.1.2 Samstarfsnefnd	11
2.1.3 Vörumerki	11
2.2 Ráðuneyti og fyrirtæki	12
2.2.1 Gæðaviðmið	12
2.3 Ráðuneyti, sveitarfélög og fl.	12
2.3.1 Samstarf	12
2.3.2 Fræðslunefnd	12
2.3.3 Íþróttatengd ferðaþjónusta	13
2.3.4 Útivistarferðaþjónusta	13
C. Úrvinnsla	14
Aðferðafræði	14

D. Niðurstöður nefndarinnar	15
1. Meginþættir heilsutengdrar ferðþjónustu	15
1.1 Heilsuþöð - Heilsumiðstöðvar	15
1.2 Íþróttatengd ferðþjónusta	16
1.3 Útivistarferðþjónusta	16
1.4 Hátæknilækningar	17
1.4.1 Möguleikar heilbrigðisþjónustunnar	17
1.4.2 Sérstaða landsins í heilbrigði	17
1.4.3 Sérhæfð heilbrigðisþjónusta	17
1.5 Heilsuvörur	18
1.5.1 Fæða og fæðubótarefni	18
1.5.2 Húðvörur	19
2. Rannsóknir	19
3. Skilgreiningar	19
4. Viðmiðanir	20
4.1 Almennt um gæði	20
5. Lög og reglugerðir	20
5.1 Ísland	20
5.2 ESB	21
6. Umhverfi	21
6.1 Staðardagskrá	21
7. Fræðslumál	22
7.1 Almennt	22
7.2 Fræðslunefnd	22
8. Fjármögnunarleiðir	23
8.1 Ferðamálasjóður	23
8.2 Fjárlög Alþingis	23
8.3 Fjármögnun ráðuneyta	23
8.4 Markaðsráð ferðþjónustunnar	24
8.5 Fjármögnun ríkis og sveitarfélaga	24
8.6 Fjármögnun sveitarfélaga	24
8.7 Fjármögnun verkalýðsfélaga	24

9. Markaðsmál	24
9.1 Almennt	24
9.2 Vöruþróun á landsbyggðinni	24
10. Möguleikar svæða	25
11. Menning	25
12. Samantekt	26

Fylgiskjöl 27

1. Skýrslur sem nefndin hefur aflað
2. Aðilar sem fengu sent erindi
3. Viðmælendur nefndarinnar
4. Áætluð ársverk í ferðaþjónustu
5. F.U.R. - Könnun meðal þjóðverja
6. F.U.R. - RA2000 - Könnun
7. Tölulegar upplýsingar um fjölda baðstaða, gistinguátta og gestafjölda í Evrópu
8. Nýting jarðhita til ferðaþjónustu - Tafla 1

Skammstafanir í skýrslunni

Die Reiseanalyse 2000	RA2000
Ferðamálaráð Íslands	FMR
Ferðamálasamtök Íslands	FSÍ
Forschungsgemeinschaft	
Urlaub und Reisen e.V.	F.U.R.
Green Globe 21	GG
Samtök ferðaþjónustunnar	SAF

INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin er fyrir samgönguráðherra af nefnd sem skipuð var í lok ársins 1999 og starfaði fram á vorið 2000. Tilgangur nefndarinnar var að greina þær (stjórnvalds) aðgerðir sem mættu verða til að stuðla að frekari framgangi heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur vaxið verulega á síðustu árum og vænta má mikils af þessari atvinnugrein á komandi árum. Heilsutengd ferðaþjónusta er nú þegar nokkur í landinu og getur vaxið verulega ef vel er á haldið.

Auðlindir Íslands og styrkleikar varðandi heilsutengda ferðaþjónustu eru einkum hreint loft, óspillt náttúra, nægilegt gott vatn og heita vatnið sem Ísland býr yfir. Hátt menntunarstig þjóðarinnar, vel menntaðar heilbrigðisstéttir og gott heilbrigðiskerfi eru líka mikilvægar auðlindir. Ímynd Íslands sem hreins, fagurs og ómengaðs lands er afar dýrmæt og leggja þarf mikla áherslu á að styrkja og viðhalda þeirri ímynd.

Flestir þeir þættir sem hamla eða efla ferðaþjónustu almennt hafa einnig áhrif á heilsutengda ferðaþjónustu. Nefndin hefur lagt áherslu á að greina þá þætti sem hafa meiri þýðingu fyrir þessa grein ferðaþjónustu en aðrar, það eru því einkum þeir þættir sem koma fram í skýrslu þessari.

Auk þeirra heilsutengdu þátta sem „heilsuferðamaðurinn“ tekur þátt í, er margt annað sem hefur áhrif á val hans. Gæði þjónustu, góður aðbúnaður og möguleikar á fjölbreyttri menningu og afþreyingu eru allt mikilvægir þættir til að ná til þess hóps sem leitar í auknum mæli eftir að nota frítíma sinn til að auka á vellíðan sína og heilbrigði, eða leitar sér lækningameðferða utan sinnar heimabyggðar.

Ísland hefur möguleika á að verða þekkt sem land heilsu, hreinleika og vellíðunar.

Ég vil þakka nefndarmönnum og starfsmanni nefndarinnar fyrir áhugasemi, þátttöku og góða vinnu. Eftirtaldir sátu í nefndinni:

- Guðmundur Björnsson, yfirlæknir á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði
 - Guðrún Bergmann, form. atvinnu- og ferðamálanefndar Snæfellsbæjar
 - Knútur Óskarsson, framkv.stj., Íslands- og Skandinavíuferða
 - Ómar Einarsson, framkv.stj. Íþróttá og tólmstundaráðs Reykjavíkur
 - Pétur Rafnsson, form. Ferðamálasamtaka Íslands
-
- Starfsmaður nefndarinnar var Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
 - Pétur Rafnsson ritaði skýrsluna, sá um samantekt og frágang hennar

*Anna G. Sverrisdóttir,
rekstrarstj. Bláa lónsins, nefndarformaður.*

A. VEGANESTI

Skipunarbréf

Í skipunarbréfi samgönguráðherra til formanns nefndar um heilsutengda ferðapjónustu, Önnu G. Sverrisdóttur, komu m.a. eftirfarandi atriði fram:

„Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að sóknarfæri ferðapjónustunnar á sviði heilsutengdrar ferðapjónustu verði nýtt.

Samgönguráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um ofangreint málefni og gera tillögur um þau skref sem nauðsynleg eru til að þessi tegund ferðapjónustu nái að skjóta rótum“.

Stefnumótun

Þessir textar (7.4.1) ásamt (7.4.2) eru úr gögnum samgönguráðuneytisins um „Stefnumótun í ferðapjónustu“ frá 1996.

(7.4.1) Stefna

Stefnt skal að því að auka ferðamennsku í tengslum við heilsubót og heilbrigði, þar sem lögð verður áhersla á þá þætti þar sem Ísland hefur sérstöðu, einnig að hefja markaðssetningu á almennri heilbrigðisþjónustu.

Markmið stefnumótunar

(7.4.2) Markmið og leiðir

Að Ísland verði þekkt sem hreint og ómengað land, þar sem hægt er að stunda heilsurækt í náttúrulegu umhverfi.

Kannað verði eðli og umfang heilsuferðamennsku á okkar stærstu markaðssvæðum erlendis, í því skyni að greina og nýta möguleika Íslands á þessu sviði.

Að Íslendingar skapi sér sess sem þjóð sem þekkt er fyrir fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu.

Í samvinnu við fulltrúa heilbrigðiskerfisins skal kanna möguleika á sölu á heilbrigðisþjónustu til erlendra aðila.

Kannað verði að hve miklu leyti ferðamennska í tengslum við heilbrigðisþjónustu hafi jákvæð áhrif á nýtingu fjárfestinga í ferðapjónustu.

B. VERKEFNAÁÆTLUN

Þessi skýrsla inniheldur, eins og fram kemur í inngangi, tillögur til ráðherra ferðamála, Sturlu Böðvarssonar, um hvernig æskilegt sé að hann bregðist við og forgangsraði verkefnum er varða uppbyggingu og þróun heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi.

Nefndin taldi rétt að reyna að tímasetja verkefnin. Einnig eru nefnd samstarfsverkefni til framtíðar með hliðsjón af því hverjir geti orðið mögulegir samstarfsaðilar.

1. Forgangsverkefni

1.1 Ímynd landsins

Ráðherra ferðamála í samráði við önnur ráðuneyti og stofnanir vinni að því að Ísland verði skilgreint og auglýst erlendis sem „heilsuland“.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Fjármögnun:	Samstarf ráðuneyta
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Ótímasett

1.2 Rannsóknir

1.2.1 Jarðhiti og fl.

Ráðherra ferðamála í samráði við viðskipta- og iðnaðarráðherra komi af stað rannsóknnum, í samvinnu við Orkustofnun, á jarðhita á svæðum, kortleggi ferskvatnssvæði og rannsókn verði gerð á möguleika á vinnslu leirs og kísils til baða. Metnir verði heilsueiginleikar svæðisins (sjá skýrslu Orkustofnunar: „Nýting jarðhita til ferðaþjónustu“. Apríl 2000).

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðamennsku
Aðkoma:	Samgönguráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, Iðntæknistofnun, sveitarfélög, veitur og Orkustofnun
Fjármögnun:	Samstarf ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Árið 2004

1.2.2 Úttekt á stöðu heilsutengdrar ferðaþjónustu erlendis

Ráðherra ferðamála í samráði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri feli Rannsóknarstofnun ferðamála á Akureyri að gera samantekt á því hvað er að gerast í heilsutengdri ferðaþjónustu erlendis. Annars vegar þeim þáttum sem hið opinbera tekur einhvern þátt í eða greiðir og hins vegar á þeirri heilsuefingu sem einstaklingar greiða alfarið sjálfir. Ennfremur að skoða þær hugmyndir sem fram hafa komið hérlandis og rekstrarmöguleika þeirra.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Samgönguráðuneytið, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri
Fjármögnun:	Samstarf ráðuneyta og stofnana
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Árið 2002

1.2.3 Könnun

Ráðherra ferðamála feli Ferðamálaráði Íslands að gera könnun í greininni á þjónustustigi og „þjónustulund“. Ferðamenn heilsutengdrar ferðaþjónustu eru mjög kröfuharðir dvalargestir og dvelja lengur en almennt gerist.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma að verkefni:	Ferðamálaráð Íslands (kannanir)
Fjármögnun:	FMR
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Árið 2002

1.3 Ráðstefna

Ráðherra ferðamála skipi undirbúningsnefnd til undirbúnings ráðstefnu um möguleika og framtíð heilsutengdar ferðaþjónustu á Íslandi. Ástæða tillögu þessarar er fyrst og fremst vitneskja nefndarmanna um að ýmsir ólíkir aðilar hafi unnið að rannsóknum og könnunum á möguleikum heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Nauðsyn er að þessir aðilar komi saman og ræði þau ólíku sjónarhorn sem komið hafa fram í rannsóknum fyrirtækja, stofnana og ráða. Ráðstefna af þessu tagi er nauðsynleg til söfnunar vitneskju vegna áframhaldandi vinnu í þessum málaflokki og hvatning til frekari samvinnu þeirra aðila sem að henni koma.

Ráðstefna þessi verði skipulögð í samræmi við eftirtalin atriði sbr.

<u>Staðsetning:</u>	<u>Svartsengi - „Eldborg“ - Ráðstefnuhús Hitaveitu Suðurnesja</u>
<u>Heppileg tímasetning:</u>	<u>Haust 2000</u>
<u>Framkvæmd:</u>	<u>Ráðstefnufyrirtæki</u>
<u>Frumkvæði:</u>	<u>Samgönguráðuneytið</u>
<u>Samkvæmt:</u>	<u>Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu</u>
<u>Aðkoma:</u>	<u>Samgönguráðuneytið</u>
<u>Fjármögnun:</u>	<u>Samgönguráðuneytið</u>
<u>Tímasetning upphafs:</u>	<u>Árið 2000</u>
<u>Tímasetning loka:</u>	<u>Árið 2000</u>

1.4 Staðardagskrá 21

Umhverfismál eru mjög mikilvægur grunnur undir heilsutengda ferðaþjónustu. Til þess að hægt sé að koma henni á fót og þróun verði er nauðsynlegt að taka á þessum þætti í allri forvinnu.

Ráðherra ferðamála beiti sér fyrir eftirfarandi tillögum:

1. Hvatt verði til þess að sveitarfélög starfi áfram að *Staðardagskrá 21*.
2. Eftirlit verði áfram í höndum Sambands ísl. sveitarfélaga með kostnaðarþátttöku ríkisins.
3. Ráðherra ferðamála hvetji sveitarfélög til samstarfs um *Staðardagskrá 21* og heilsutengda ferðaþjónustu.
4. Sveitarfélög komi sér upp umhverfisstefnu til framtíðar sé ekki unnið eftir *Staðardagskrá 21*.

<u>Frumkvæði:</u>	<u>Samgönguráðuneytið</u>
<u>Samkvæmt:</u>	<u>Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu</u>
<u>Aðkoma:</u>	<u>Samgönguráðuneytið, umhverfissráðuneytið og sveitarfélög</u>
<u>Fjármögnun:</u>	<u>Samstarf ráðuneyta og Sambands ísl. sveitarfélaga</u>
<u>Tímasetning upphafs:</u>	<u>Árið 2000</u>
<u>Tímasetning loka:</u>	<u>Ótímasett</u>

1.5 Flokkun heilsuþaðstaða

Ráðherra ferðamála láti, í samráði við Reykjavíkurborg (aðili að ESPA), kanna viðtekin viðmið ESPA (European Spa Association) og annarra slíkra samtaka og í kjölfarið hvaða heilsuþöð hér-
lendis geti samkvæmt því notað orðið „Spa“.

Sundstaðir á Íslandi sem ná ákveðnum viðmiðum verði skilgreindir sem „Thermal bath“ í stað „Swimming pool“.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið í samráði við sveitarfélög
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Samgönguráðuneytið, Reykjavíkurborg og Ferðamálaráð
Fjármögnun:	Samgönguráðuneytið
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Árið 2002

1.6 Vörubrún

Ráðherra ferðamála beiti sér fyrir því að Ferðamálasjóður styrki vörubrún í heilsutengdri fer-
ðaþjónustu (sjá einnig úttekt markaðsráðs. Nón. 1999).

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Samgönguráðuneytið og Ferðamálasjóður
Fjármögnun:	Ferðamálasjóður
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Ótímasett

2. Samstarfsverkefni

2.1 Ráðuneyti og stofnanir

2.1.1 Hvatningarverðlaun

Ráðherra ferðamála hvetji til stofnunar hvatningarverðlauna.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Nefndarfulltrúar frá samgönguráðuneytinu, umhverfisráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu
Fjármögnun:	Samgönguráðuneytið
Tímasetning upphafs:	Árið 2000
Tímasetning loka:	Ótímasett

2.1.2 Samstarfsnefnd

Ráðherra ferðamála hvetji til skipunar samstarfsnefndar sem fjalli um heilsutengda ferðaþjónustu. Þessi nefnd ætti að vera skipuð fulltrúum ráðuneyta, FMR, SAF og FSÍ.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Ráðuneyti sem tengst geta heilsutengdri ferðaþjónustu
Fjármögnun:	Samstarf ráðuneyta
Tímasetning upphafs:	Árið 2000
Tímasetning loka:	Ótímasett

2.1.3 Vörumerki

Ráðherra ferðamála beiti sér fyrir samstarfi ráðuneyta og stofnana ríkisins auk annarra útflutningsaðila um eitt samræmt vörumerki („Logo“) eða andlit landsins út á við t.d. á Netinu og í bæklingum. Slík samræming hefur verið unnin víða erlendis og er talin auka möguleika á að byggja upp ímynd lands fyrir en ella.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Ríki og stofnanir
Fjármögnun:	Sameiginleg
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Árið 2003

2.2 Ráðuneyti og fyrirtæki

2.2.1 Gæðaviðmið

Ráðherra ferðamála hvetji greinina til að kynna sér almenn gæðaviðmið í heilsutengdri ferðþjónustu. Gera þarf ákveðnar og skýrar gæðakröfur. Nauðsynlegt er að nýta reynslu og viðmið annarra þjóða og setja upp almenn gæðaviðmið fyrir heilsutengda ferðþjónustu á Íslandi

Lagt er til að ráðherra ferðamála leiti eftir samstarfi við verkalyðshreyfinguna um fjármögnun á verkefnum sem viðkoma gæðum í ferðþjónustu og menntun starfsmanna í ferðþjónustu.

<u>Frumkvæði:</u>	<u>Samgönguráðuneytið</u>
<u>Samkvæmt:</u>	<u>Tillögu nefndar um heilsutengda ferðþjónustu</u>
<u>Aðkoma að verkefninu:</u>	<u>Fyrirtæki í ferðþjónustu</u>
<u>Fjármögnun:</u>	<u>Fyrirtæki í ferðþjónustu og verkalyðshreyfingin</u>
<u>Tímasetning upphafs:</u>	<u>Árið 2001</u>
<u>Tímasetning loka:</u>	<u>Ótímasett</u>

2.3 Ráðuneyti, sveitarfélög og fl.

2.3.1 Samstarf

Ráðherra ferðamála beiti sér fyrir samstarfi þeirra sem vinna að heilsutengdri ferðþjónustu og Landsvirkjunar, auk annarra orkufyrirtækja um frekari nýtingu orku og nýtingu þeirrar þekkingar sem til er hjá orkufyrirtækjum.

<u>Frumkvæði:</u>	<u>Samgönguráðuneytið</u>
<u>Samkvæmt:</u>	<u>Tillögu nefndar um heilsutengda ferðþjónustu</u>
<u>Aðkoma:</u>	<u>Ríki, stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki</u>
<u>Fjármögnun:</u>	<u>Sameiginleg</u>
<u>Tímasetning upphafs:</u>	<u>Árið 2001</u>
<u>Tímasetning loka:</u>	<u>Ótímasett</u>

2.3.2 Fræðslunefnd

Ráðherra ferðamála, í samráði við menntamálaráðherra, hvetji greinina til skipunar fræðslunefndar innan ferðþjónustunnar sem í sitji fulltrúar Ferðamálaráðs Íslands, Samtaka ferðþjónustunnar og Ferðamálasamtaka Íslands auk fulltrúa sem sérhæfður er á sviði heilsutengdrar ferðþjónustu.

Lagt er til að leitað verði eftir samstarfi við verkalyðshreyfinguna um fjármögnun á verkefnum sem viðkoma gæðum í ferðaþjónustu og menntun starfsmanna í ferðaþjónustu.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Samgönguráðuneytið, stofnanir og samtök
Fjármögnun:	Samstarf fyrirtækja í greininni, stofnana og samtaka auk verkalyðshreyfingarinnar
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Ótímasett

2.3.3 Íþróttatengd ferðaþjónusta

Ráðherra ferðamála, í samráði við menntamálaráðuneytið, hvetji til samstarfs fyrirtækja, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar um þróun íþróttatengdrar ferðaþjónustu.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Samgöngu- og menntamálaráðuneytið, íþróttahreyfingin, sveitarfélög og fyrirtæki
Fjármögnun:	Samstarf sveitarfélaga og fyrirtækja
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Ótímasett

2.3.4 Útivistarferðaþjónusta

Ráðherra ferðamála í samráði við umhverfisráðuneytið hvetji sveitarfélög til lagninga göngustíga og gönguleiða í landi sínu og þróunar útivistarsvæða.

Frumkvæði:	Samgönguráðuneytið
Samkvæmt:	Tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu
Aðkoma:	Samgöngu- og umhverfisráðuneyti, sveitarfélög, fyrirtæki og félög
Fjármögnun:	Samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja og félaga
Tímasetning upphafs:	Árið 2001
Tímasetning loka:	Ótímasett

C. ÚRVINNSLA

Aðferðafræðin

Nefndin byggði vinnu sína á stefnumótun samgönguráðherra frá 1996 og markmiðum þeirrar stefnu.

Nefndin kom sér saman um að beita þeirri aðferð að safna saman öllum mögulegum gögnum um heilsutengda ferðaþjónustu; rannsóknum um heitt og kalt vatn, umhverfismál o. fl. frá stofnunum, sveitarfélögum, ríki, samtökum og skólum.

Unnið var sameiginlega úr ýmsum gögnum með umræðum á nefndarfundum.

Nefndin kallaði til sérfræðinga úr ýmsum greinum á nefndarfundum.

Nefndin sendi fyrirspurnir til sveitarfélaga, einstaklinga og sendiráða Íslands erlendis.

Nefndin skilar álitum um stöðu heilsutengdrar ferðaþjónustu og leggur fram mjög almennar tillögur hvað varðar fræðslumál, markaðssetningu, umhverfi, menningu, viðmið og gæði, fjármögnunarleiðir og verkefnaáætlun.

D. NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR

1. Meginþættir heilsutengdrar ferðaþjónustu

1.1 Heilsuþöð - Heilsumiðstöðvar

Íslenskar „heilsulindir“.

Í raun er um fáa valkosti að ræða. Bláa lónið hefur sýnt fram á árangur með rannsóknum sínum og markaðsett sig sem valkost fyrir psoriasis-sjúklinga, auk þess að vera sérstakur baðstaður sem höfðar bæði til innlendra og erlendra ferðamanna. Mikil uppbygging hefur átt sér stað þar á síðustu árum sem miðar fyrst og fremst að þjónustu við gesti sem vilja nota lónið sem slökunar-, bað- og afþreyingarstað.

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði er í raun eina „heilsuhælið“ á Íslandi. Fyrirtækið hefur þjónustusamning við íslensk heilbrigðisyfirvöld um endurhæfingu innan íslenska heilbrigðiskerfisins en óvíst er enn hvort stjórnendur þess sjá sér fært að stefna að þjónustu við erlenda ferðamenn. Umtalsverð uppbygging hefur átt sér þar stað á síðustu árum í átt til bættrar þjónustu bæði í móttöku og faglegri þjónustu.

Nokkur fjöldi líkamsræktarstöðva er starfræktur á Íslandi og er starfsemi þeirra einna best þróuð á höfuðborgarsvæðinu. Sumar stöðvanna bjóða nú upp á sérhæfða heilsuræktarþjónustu.

Sundlaugar eru til staðar nánast í hverju hverfi og byggðarlagi á Íslandi. Þar eru til staðar möguleikar sem íslensk ferðaþjónusta getur án efa nýtt sér betur. Setja þarf sundstaðina í umbúnað „SPA“ stofnanna ef laða á að fleiri ferðamenn. Þar þurfa heilbrigðisstéttir að koma að og vænlegur kostur hlýtur að vera að byggja „SPA“ stofnun sem gæti verið í tengslum við sundstaði og kemur þá Reykjavík þar helst til greina. Möguleikar eru á mikilli faglegri breidd í slíkri starfsemi. Þekking og reynsla er til staðar í landinu til að takast á við slíkt verkefni eins og Bláa lónið hefur nú þegar sýnt og sannað. Mikilvægt er að stjórnvöld hlúi að slíkri uppbyggingu og skapi eðlilegt rekstrarumhverfi.

Tillögur:

1. Ráðherra láti, í samráði við Reykjavíkurborg (aðili að ESPA), kanna viðtekin viðmið ESPA (European Spa Association) og annarra slíkra samtaka og í kjölfarið hvaða heilsuþöð hérlendis geti samkvæmt þeim notað orðið „Spa“.

2. Ráðherra ferðamála beiti sér fyrir samstarfi þeirra sem vinna að heilsutengdri ferðaþjónustu og Landsvirkjunar auk annarra orkufyrirtækja um frekari nýtingu orku og nýtingu þeirrar þekkingar sem til er hjá orkufyrirtækjum.

1.2 Íþróttatengd ferðaþjónusta

Íþróttatengd ferðaþjónusta á sér nokkra sögu og þróun hér á landi. Á sínum tíma stofnuðu Reykjavíkurborg og ferðaskrifstofan Úrval til „Reykjavíkur-Marabons“ en síðar komu Flugleiðir og samtök innan íþróttahreyfingarinnar inn í það samstarf. Samstarfið hefur gefið góða raun og fyllsta ástæða er til að útfæra það nánar.

Einn möguleiki er að nokkur sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu taki sig saman og skipuleggi nokkrar hlauparaðir; mismunandi löng hlaup víða um landið. Ein frægasta borg Bandaríkjanna hvað slíkar hlauparaðir varðar er Portland í Oregon (sbr. grein í tímaritinu „Runner's World“, okt. 1999).

Önnur tegund íþróttatengdrar ferðaþjónustu eru mót eins og Jónsmessu-Golf á Akureyri og mót barna og unglinga í ýmsum íþróttagreinum sem skipulögð hafa verið af íþróttadeildum stóru ferðaskrifstofanna. Til þess að þróa þessa tegund ferðaþjónustu er góð hugmynd að fyrirtæki og sveitarfélög standi saman að markaðssetningu ekki síst til betri nýtingar íþróttamannvirkja, sem lítið eru í notuð yfir sumartímann.

Tillaga:

Ráðherra ferðamála, í samráði við menntamálaráðuneytið, hvetji til samstarfs fyrirtækja, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar til þróunar íþróttatengdrar ferðaþjónustu.

1.3 Útivist

Útivist sem forsenda ferðar, hvort heldur er innanlands eða á milli landa, telst til heilsutengdrar ferðaþjónustu. Hér er um að ræða ferðir eins og t.d. fjalla- og isklifur og göngu- og skokkferðir. Ef útivistarferðir eiga að þróast áfram þurfa ýmsir aðilar að koma þar að; fyrirtæki í ferðaþjónustu, útiveru- og útivistarfyrirtæki og sveitarfélög auk félaga eins og Ferðafélags Íslands og Útivistar. Í útivistarferðaþjónustu er hægt að þróa bæði gerð og markaðssetningu gönguleiða og göngustíga auk annarra útivistarsvæða. Því er full ástæða til að hvetja til samstarfs sveitarfélaga, fyrirtækja í ferðaþjónustu, útiveru- og útivistarfyrirtækja og útivistarfélaga.

Tillaga:

Ráðherra ferðamála, í samráði við umhverfisráðuneytið, hvetji sveitarfélög til lagninga göngustíga og gönguleiða í landi sínu og þróunar útivistarsvæða.

1.4 Hátæknilækningar

1.4.1 Möguleikar heilbrigðisþjónustunnar

Íslendingar búa við einstakan mannauð hvað heilbrigðisþjónustu varðar. Þetta kemur m.a til vegna sérnáms lækna, en þeir fara flestir utan til framhaldsnáms þar sem ekki er möguleiki á framhaldsnámi hér heima nema í fáum sérgreinum. Aðrar heilbrigðisstéttir sækja einnig í nám og störf erlendis auk þess sem algengt er að makar lækna séu úr heilbrigðisstéttum og fylgi þeim því utan til náms. Þetta eru t.a.m. stéttir eins og sjúkrapjálfarar, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, sjúkrannuddarar, meinatæknar, sálfræðingar og fleiri fagstéttir sem tengjast heilbrigðiskerfinu á einn eða annan hátt. Þetta leiðir til þess að hér á landi sameinast í starfi heilbrigðisstéttir sem búa yfir breiðri þekkingu og reynslu og eru vel að sér í tungumálum, þó aðallega ensku og Norðurlandamálum. Íslenskar heilbrigðisstéttir eru þekktar hérlendis sem erlendis fyrir eljusemi, dugnað og faglega færni.

Fram að þessu hefur íslenskt heilbrigðiskerfi sýnt að það er fullfært um að sinna erlendum viðskiptavinum m.a. í meðferðum psoriasis-sjúklinga og áfengismeðferðum. Heilbrigðisyfirvöld nokkurra ríkja hafa þegar samþykkt að greiða fyrir psoriasis-meðferð þegna sinna. Útflutningur á íslenskri þekkingu í þessu sambandi er þegar hafinn með þátttöku Íslendinga í áfengismeðferðum erlendis en einnig hafa íslenskir læknar farið utan í skammtíma verkefni t.d. í hjartaskurðlækningum.

Þegar litið er til framtíðar er ljóst að íslenskir heilbrigðisstarfsmenn eru í stakk búnir til að sinna heilsutengdri ferðaþjónustu, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda viðskiptavini á öllum stigum.

1.4.2 Sérstaða landsins í „heilbrigði“

Á Íslandi eru aðstæður einstakar að því leyti að umhverfi er hreint í lofti, láði og á legi. Mengun er lítil og gróðurfar með þeim hætti að minni hættu er hér en annars staðar á vandamálum eins og gróðurofnæmi. Íslendingar lifa manna lengst og ungbarnadauði er hér með lægsta móti.

1.4.3 Sérhæfð heilbrigðisþjónusta

Á Íslandi eru til staðar breið þekking og reynsla í lækningum og umönnun margþættra heilbrigðisvandamála. Íslenskt heilbrigðiskerfi getur tekist á við erfið verkefni eins og hjartaskurðlækningar og bæklunarskurðlækningar, einnig lýtalækningar, augnaðgerðir og aðgerðir vegna ófrjósemi og er árangur á heimsmaelikvarða.

Reynsla manna erlendis er hinsvegar sú að ef um alvarleg og erfið veikindi er að ræða vill fólk vera í lækningum sem næst heimaslóðum, í það minnsta þar sem tunga þeirra er töluð. Undantekningar frá þessu eru þó þegar fólk veit að bót við alvarlegum meinum er aðeins að finna á einum ákveðnum stað, jafnvel fjarri heimalandinu.

Heilbrigðisþjónusta á þessu stigi þarf að vera á boðstólum fyrir ferðamenn, hvort heldur er á almennu sjúkrahúsi eða einkastofnun og sömu möguleikar ættu að vera fyrir innlenda sem erlenda sjúklinga.

1.5 Heilsuvörur

Heilsuvörur má skipta í tvö flokka; vörur til inntöku þ.e. fæða og fæðubótarefni annarsvegar og húðvörur hinsvegar. Þó ekki sé um beina ferðaþjónustu að ræða við framleiðslu og dreifingu á heilsuvörur er hún hluti af heildarhugmyndinni „Heilsulandið Ísland“ og styrkja þessar greinar því hvor aðra.

1.5.1 Fæða og fæðubótarefni

Íslenski fiskurinn er ómengaður og góð heilsufæða. Lýsið er önnur sjávarafurð sem sífellt nýtist betur. Og fleira má sækja til sjávar af heilsufæði og fæðubótarefnum, t.d. sól og þara. Þá eru enn margir ónýttir möguleikar á nýtingu íslensku flórunnar í fæðu, fæðubótarefni og aðrar inntökur og má þar t.d nefna fjallagrös og mosa. Og ekki má gleyma íslenska vatninu, sem á örugglega eftir að skipa sér enn mikilvægari sess í framtíðinni.

Árið 1997 vann Sigmar B. Hauksson skýrslu út frá hugmynd Einars Gústafssonar, framkv.stj. FMR í New York, „Sælkeralandið Ísland“ sem fjallaði um tillögur að atburðadagatali fyrir veitingahús á Íslandi. Sá matur sem tillögurnar fjalla um telst ekki allur til heilsufæðis en er þó matur úr heilbrigðu umhverfi, hvort heldur um er að ræða fisk úr sjó eða kjötmeti af landi. Ísland á að leggja áherslu á að kynna erlendum sem innlendum ferðamönnum mat sinn og matargerð. Ísland er mjög háð framleiðslu matvæla umfram flest önnur lönd vegna staðsetningar sinnar en einnig vegna þeirrar staðreyndar að íslensk matvæli eru framleidd úr afurðum hreinnar og heilsusamlegrar náttúru. Íslensk matvæli eru í mjög háum gæðaflokki og íslenskir matreiðslumenn hafa sýnt það og sannað að þeir eru afar hæfir fagmenn. Það er því fyllsta ástæða til þess að koma á framfæri við okkar ferðamenn hve heilbrigður okkar matur er og fagmenn okkar góðir. Eins og segir í fyrrnefndri skýrslu: „Í stuttu máli, hreinleiki, hollusta, gæði og fagmennska“.

Lífræn ræktun virðist eiga mikla möguleika á Íslandi m.a. vegna þess hve þykkt jarðvegslag gróður moldar er og lítt mengað. Til þess að koma til móts við bændur og hvetja þá til frekari lífrænnar ræktunar, þarf að kanna til hlítar möguleika á að bæta rekstrarumhverfi þeirra með framleiðslu allra mögulegra matvæla í huga fyrir innanlandsmarkað.

Kynning á heilbrigðum mat úr hreinu umhverfi, góðu mataræði og faglegri matargerð hentar mjög vel þeirri ímynd hreins lands og ómengaðs sem ferðamálayfirvöld og ferðaþjónustufyrirtæki hafa verið að kynna á Íslandi undanfarin ár.

Tillaga:

Hvetja þarf til námskeiðahalda um áherslur í framboði heilsufæðis á veitingastöðum um allt land með sterkri tengingu við ímynd landsins og auglýsingar um „Heilsulandið Ísland“.

1.5.2 Húðvörur

Framleiðsla á húðverndarvörum úr íslenskum hráefnum er hafin og fer hún vaxandi. Bæði er um að ræða meðferðarvörur og almennar húðvörur. Vörurnar eru bæði framleiddar úr virkum efnum Bláa lónsins og úr íslenskum jurtum. Miklir möguleikar eru í þessum iðnaði enda fer notkun húðverndarvara vaxandi í heiminum í dag. Þetta er ungur iðnaður hér á landi en gæti orðið mikilvægur ef vel er á haldið og gott vaxtarumhverfi skapast.

2. Rannsóknir

Hrefna Kristmannsdóttir, deildarstjóri jarðefnadeildar Orkustofnunar lýsti starfi Orkustofnunar síðasta áratuginn fyrir nefndarmönnum. Hrefna sagði vatnið mjög mismunandi eftir stöðum á landinu en benti t.d. á Seltjarnarnes, Stykkishólm, Húsavík, Öxarfjörð, Reykhóla og Hveragerði m.t.t. gæða vatns. Hrefna upplýsti nefndina um verkefni sem er í vinnslu á vegum Orkusjóðs en í því er einkum horft á gæði vatns til lækninga og endurhæfingar sem og markaðsmál. Greinilegt var að störf Orkustofnunar og nefndarinnar um heilsutengda ferðaþjónustu skarast mikið. Nefndarmenn voru sammála um að æskilegt væri að fulltrúar ráðherra ferðamála, sem taka munu við frekari vinnu af nefndinni um heilsutengda ferðaþjónustu, ættu gott samstarf við Orkustofnun og fulltrúa hennar.

Tillaga:

Ráðherra ferðamála, í samráði við viðskipta- og iðnaðarráðherra, komi af stað rannsóknunum, í samráði við Orkustofnun, á jarðhita á svæðum, kortleggi ferskvatnssvæði og rannsókn verði gerð á möguleika á vinnslu leirs og kísils til baða. Metnir verði heilsueiginleikar svæðisins (sjá skýrslu Orkustofnunar: „Nýting jarðhita til ferðaþjónustu“) sbr. fylgiskjal 8.

3. Skilgreiningar

Það er skoðun nefndarmanna að ráðherra ferðamála geti haft frumkvæði að því að skilgreina og skipuleggja innan heilsutengdrar ferðaþjónustu m.a. eftirtalin atriði:

1. Ísland verði skilgreint og auglýst sem „Heilsuland“.
2. Sundstaðir sem ná ákveðnum viðmiðum verði skilgreindir sem „Thermal bath“ í stað „Swimming pool“.
3. Heilsutengd ferðaþjónusta er:

Ferðarþjónusta sem felur í sér að ferðamaðurinn geti notið sem aðalþáttar og hvata ferðar eftirfarandi heilsuþátta auk mismunandi afþreyingar:

1. Vatns og vellíðunar.
2. Líkamsræktar og íþróttar.
3. Endurhæfingar.
4. Hátæknilækninga.

4. Viðmiðanir

4.1 Almenn um gæði

Gæði vöru og þjónustu sem ferðarþjónustan býður upp á skipta meginmáli fyrir afkomu greinarinnar til lengri tíma. Almenn má segja að gæðastjórnun í ferðarþjónustu snúist um það að þjónustan sé skilgreind og tryggt sé að viðskiptavinurinn fái þá þjónustu sem honum er lofuð.

Kröfur og þarfir sem atvinnugreinin ætlar að koma til móts við eru almennt ekki nægjanlega vel skilgreindar og þar með skapast sú hættu að ekki takist að fullnægja væntingum viðskiptavinnanna.

Mikilvægt er að saman fari verð á seldri þjónustu, gæði og að þjónusta sé látin í té á samkeppnishæfu verði, þ.e. tilkostnaður sé ekki hærri en svo að viðunandi hagnaður náist.

Tillögur:

1. Ráðherra ferðamála hvetji greinina til að kynna sér almenna gæðastaðla í heilsutengdri ferðarþjónustu. Gera þarf ákveðnar og skýrar gæðakröfur. Nauðsynlegt er að nýta reynslu og viðmið annarra þjóða og setja upp almenna gæðastaðla fyrir heilsutengda ferðarþjónustu á Íslandi.

2. Ráðherra ferðamála hvetji til könnunar í greininni á þjónustustigi og „þjónustulund“. Ferðamenn heilsutengdrar ferðarþjónustu eru mjög kröfuharðir dvalargestir og dvelja lengur en almennt gerist.

5. Lög og reglugerðir

5.1 Ísland

Engar sérstakar lagahindranir virðast vera í vegi þeirra sem hyggjast setja á stofn ferðarþjónustufyrirtæki í heilsutengdri ferðarþjónustu. Lagaumhverfið og reglugerðir almennt þurfa þó að vera skýrari þannig að þær standi ekki í vegi fyrir eðlilegri uppbyggingu. Núverandi lagaumhverfi snýr fyrst og fremst að almennri stofnun og rekstri fyrirtækja. Skoða þarf til hlítar lagalega möguleika einkafyrirtækja í þessari grein ferðarþjónustu. Athuga þarf einnig nánar reglugerðir eins og t.d. „reglugerð um náttúrulaugar“ sem nú er í smíðum.

5.2 ESB

ESB hefur engar reglur um heilsutengda ferðaþjónustu (sbr. Kristján Vigfússon - Brussel). Ef þjóðir ESB nota reglur eða lög í þessu sambandi er það á þjóðlegum grunni sem er ESB óviðkomandi.

6. Umhverfi

6.1 Staðardagskrá 21

31 Sveitarfélag - Tímabil: Október 1998 - mars 2000

Í upphafi starfs nefndarinnar leitaði umræðan fljótt inn á svið umhverfismála og ekki síst *Staðardagskrá 21* og þeirra sveitarfélaga sem hafa tekist á hendur að vinna samkvæmt henni. Nefndarmenn urðu almennt sammála um að nauðsynlegt væri að halda áfram vinnu samkvæmt *Staðardagskrá 21* eða einhverri þeirri umhverfisstefnu fyrir sveitarfélög, sem stefndi að sömu niðurstöðu hvað umhverfisþáttinn snertir. Umhverfisþættir landsins verða að vera í góðu lagi, því annars mun reynast erfitt að skapa hreina og vistvæna ímynd, sem nauðsynleg er til uppbyggingar heilsutengdrar ferðaþjónustu.

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun og felur því í sér alla mögulega þætti eins sveitarfélags, sem viðkoma lífi og lifnaðarháttum íbúanna, ekki aðeins umhverfisþætti heldur einnig efnahags- og félagslega þætti o.s.frv. Áframhaldandi vinna að *Staðardagskrá 21* er að mati nefndarmanna árið-andi og mun hún skapa nauðsynlegan grunn fyrir heilsutengda ferðaþjónustu sem og sjálfbæra og aðra vistvæna ferðaþjónustu.

Vottun áfangastaða hefur ekki verið tekin upp héraendis enn sem komið er enda vandmeðfarin. „Green Globe 21“ (GG) vottar að staður sé með umhverfisstjórnunarstefnu í gangi enda byggir GG viðmiðanir sínar á *Staðardagskrá 21*.

Tillögur:

1. Hvatt verði til þess að sveitarfélög starfi áfram samkvæmt *Staðardagskrá 21*.
2. Eftirlit með kostnaðarþátttöku ríkisins verði áfram í höndum Sambands ísl. sveitarfélaga.
3. Ráðherra ferðamála hvetji sveitarfélög til samstarfs um *Staðardagskrá 21* og heilsutengda ferðaþjónustu.
4. Sveitarfélög komi sér upp umhverfisstefnu til framtíðar sé ekki unnið eftir *Staðardagskrá 21*.

7. Fræðslumál

7.1 Almenn

Í umræðum nefndarmanna hafa komið upp ábendingar um hindranir sem tengjast skorti á fræðslu í atvinnugreininni. Þessi skortur virðist tengjast ýmsum sjónarhornum. Starfsfólk í ferðaþjónustu um allt land virðist staldra frekar stutt við og leiðir það af sér mikil mannaskipti og þörf á þjálfun er því mikil. Þessi hröðu mannaskipti eru afleiðing af stuttum ferðamannatíma og ekki síður af almennt lágum launum í greininni. Einnig er það áberandi að starfsfólk í greininni úti á landi er í mjög mörgum tilfellum ungt skólafólk sem vinnur einungis í þann stutta tíma sem ferðaþjónustan getur boðið þennan fjölda starfa á hverju ári. Hefur þetta staðið í vegi fyrir gæðapróun í ferðaþjónustu.

Helstu vandamál í fræðslumálum ferðaþjónustunnar gætu verið eftirfarandi:

1. Of hár námskostnaður.
2. Námsfni vantar tilfinnanlega.
3. Skortur á faglærðum kennurum.
4. Skortur á endurmenntunarnámskeiðum.
5. Skortur á styttra námi.

Einnig er mikilvægt að tryggt sé nægt fagfólk með sérþekkingu á mismunandi heilsuferðaþjónustu eins og baðlækningum og meðferðum auk íþróttatengdrar heilsuferðaþjónustu til að sinna sérkröfum ferðamannsins.

7.2 Fræðslunefnd

Fram kom í orðum fulltrúa fræðslumála innan SAF, þegar þeir komu í viðtal hjá nefndinni, að samtökin vinna nú að því að sameina fræðsluþátt hótél- og veitingagreina öðrum þáttum innan SAF í eina fræðslunefnd.

SAF kom á síðasta ári að fræðslumálum í greininni ásamt FMR með því að bjóða þjónustunámskeið, sem haldið var víða um land. Á þessu ári (2000) koma þessir sömu aðilar að námskeiðahaldi fleiri þátta greinarinnar. Með samvinnu SAF, FMR og FSÍ er samvinnan orðin enn víðtækari. Því er ekki óeðlilegt að álykta að stofna beri fræðslunefnd innan greinarinnar sem hefur beina tengingu við alla aðila ferðaþjónustunnar, þ.e. ríki, fyrirtæki og sveitarfélög.

Tillaga:

Ráðherra ferðamála, í samráði við menntamálaráðherra, hvetji greinina til skipunar fræðslunefndar innan ferðaþjónustunnar sem í sitji fulltrúar Ferðamálaráðs Íslands, Samtaka ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtaka Íslands auk fulltrúa sem sérhæfður er á sviði heilsutengdrar ferðaþjónustu.

8. Fjármögnunarleiðir

8.1 Ferðamálasjóður

Ráðherra ferðamála hefur skipað nefnd um framtíð Ferðamálasjóðs, sem ber að velta fyrir sér öllum möguleikum sem geta orðið til þess að auðvelda fjármögnun verkefna á sviði ferðaþjónustu. Miklar breytingar hafa orðið á fjármálaumhverfinu undanfarin misseri og möguleikar Ferðamálasjóðs til þess að sinna hlutverki sínu hafa takmarkast ekki síst vegna lágrar eiginfjárstöðu. Meðal annars hefur verið rætt um að leggja sjóðinn niður.

Það er e.t.v. einmitt nú sem styrkja ætti Ferðamálasjóð til þess að hann geti tekið á þeim verkefnum sem nauðsynleg eru mjög mörgum fyrirtækjum í greininni. Hann gæti starfað sem fjárfestinga- og nýsköpunarsjóður. En til þess þarf hann að vera sterkur og hafa fjármagn til að taka á verkefnum í ferðaþjónustu í heild sinni.

Þessi leið væri æskileg ekki síst til þess að fyrirtæki í ferðaþjónustu geti komist í þá stöðu sem fjárfestar gera kröfu um.

8.2 Fjárlög Alþingis

Nefndarmenn eru þeirrar skoðunar að ríkið skuli almennt ekki taka beinan þátt í rekstri þessarar greinar frekar en annarra, sem einstaklingar eða félög þeirra geta gert jafnvel eða betur. Þó eru ýmsir almennir undirbúnings- og grunnþættir tengdir uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu, sem krefjast mikils fjármagns t.d. rannsóknir og þá er ekki óeðlilegt að þeir komi úr hinum sameiginlega sjóði samfélagsins.

8.3 Fjármögnun ráðuneyta

Ráðuneyti geta á ýmsan hátt komið að verkefnum er tengjast heilsutengdri ferðaþjónustu. Þá er fyrst og fremst um að ræða samstarfsverkefni tveggja eða fleiri ráðuneyta eða ráðuneyta og annarra aðila eins og sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana.

8.4 Markaðsráð ferðaþjónustunnar

Markaðsráð er tilkomið fyrst og fremst vegna frumkvæðis ráðherra ferðamála til þess að styrkja markaðssetningu landsins í harðri samkeppni við önnur lönd. Samningurinn um markaðsráð var gerður til þess að virkja fjármagn ríkis, fyrirtækja í greininni og Reykjavíkurborgar sameiginlega með hnitmiðuð markmið í huga.

Markaðsráð hefur einsett sér að markaðssetja Ísland út á við en einnig að vinna að hugmyndum vegna vöruþróunar innanlands, ekki síst á landsbyggðinni, til þess að auðvelda frekari lengingu ferðamannatímans, þar á meðal vegna uppbyggingar heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi.

8.5 Fjármögnun ríkis og sveitarfélaga

Ríki og sveitarfélög koma að fjármögnun fjölda verkefna sameiginlega eins og t.d. *Staðardagskrá 21*.

8.6 Fjármögnun sveitarfélaga

Ráðherra ferðamála getur hvatt sveitarfélög til að undirbúa eða hrinda í framkvæmd ýmsum verkefnum sem eðlilegt er að þau fjármagni.

8.7 Fjármögnun verkalyðsfélaga

Lagt er til að ráðherra ferðamála leiti eftir samstarfi við verkalyðshreyfinguna um fjármögnun á verkefnum sem viðkoma gæðum í ferðaþjónustu og menntun starfsmanna í ferðaþjónustu.

9. Markaðsmál

9.1 Almenn

Samgönguráðuneytið á aðild að markaðsráði ferðaþjónustunnar og því er ekki óeðlilegt að fulltrúar ráðherra ferðamála beiti sér fyrir heilsutengdri ferðaþjónustu í markaðssetningaráformum markaðsráðsins. Einnig er eðlilegt að FMR leggi áherslur í markaðssetningu heilsutengdrar ferðaþjónustu þegar ráðið markaðssetur Ísland fyrir Íslendinga.

9.2 Vöruþróun á landsbyggðinni

Í skýrslu sem Elías Bj. Gíslason, forstöðum. FMR á Akureyri og Pétur Rafnsson, form. FSÍ gerðu fyrir markaðsráð ferðaþjónustunnar í nóvember 1999, segir í niðurstöðum: „Athuganir okkar sýna, að það svæði, sem mesta möguleika á til vöruþróunar við núverandi aðstæður, og ef gengið

er út frá áður nefndri forsendu um hve fjölbreytt afþreying þarf að vera til staðar, er flugsvæðið „Akureyri“ og keyrslusvæði þess eða Norðursvæðið í heild sinni, þ.e. frá Sauðárkrókssvæðinu að Húsavík og Mývatni“.

Tillaga:

Ráðherra ferðamála beiti sér fyrir því að Ferðamálasjóður styrki vörubróun í heilsutengdri ferðþjónustu.

10. Möguleikar svæða

Í nýútkominni skýrslu Orkustofnunar „Nýting jarðhita til ferðþjónustu“ eftir Hrefnu Kristmannsdóttur og fleiri er kafli undir fyrirsögninni „Áhugaverðir staðir“. Þar kemur fram að tæmandi úttektir hafi ekki verið gerðar á möguleikum þeirra til uppbyggingar heilsubaða sem hluta af heilsutengdum ferðþjónustusvæðum. Þar kemur einnig fram að talið sé líklegt að við meðhöndlun á húðsjúkdómum sé æskilegt að jarðhitavatn sé salt og kísilríkt.

Í Bláa lóninu er baðaðstaða og þegar er búið að byggja upp meðferð sem byggir á einstökum eiginleikum jarðsjávar; sem inniheldur salt, kísil og blágrænan þörung sem ekki hefur fundist annars staðar. Ýmsir aðrir staðir og svæði eru nefnd í skýrslu Orkustofnunar þar sem bornir eru saman eiginleikar vatns og möguleikar á leir og leirböðum.

Staðir sem m.a. eru nefndir í skýrslunni eru:

Öxarfjörður, Krýsuvík, Hveragerði, Námafjall, Nesjavellir, Hofsstadir við Stykkishólm, Seltjarnarnes, Lýsuhóll á Snæfellsnesi, Syðri-Rauðamelur í Kolbeinsstaðahreppi, Reykholt, Ölfus, Grímsnes, Skagafjörður og að lokum er það nefnt að möguleikar séu á nokkrum stöðum á Vestfjörðum og Norðurlandi.

Úr töflu 1. í skýrslu Orkustofnunar „Nýting jarðhita til ferðþjónustu“.

11. Menning

Segja má að heilsutengd ferðþjónusta á Íslandi sé samofin menningu þjóðarinnar sbr. sundstaði á 19. öld. Til langs tíma hafa innlendir ferðamenn sótt um langan veg í böð í heitu hveravatni og í seinni tíð hafa íþróttatengd og útivistarferðþjónusta vaxið til muna. Heilsuþöð fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn hafa einnig verið í boði víða á landinu, eins og t.d. til forna í Snorraaug, hér áður fyrr í Grjótagjá og nú í sundlaugum um allt land og í Bláa lóninu. Bláa lónið er þegar orðið hluti af menningu Íslendinga. Betur má þó ef duga skal í örri þróun ferðþjónustu á Íslandi. Ferðamönnum fjölgar mikið ár frá ári og sífellt fleiri ferðamenn vilja taka þátt í flestu því sem tilheyrir menningu þjóðarinnar, ekki síst ef það tengist á einhvern hátt vellíðan og bættri heilsu. Það er því krafa tímans að ráðherra ferðamála hafi forgöngu um, að tekist verði á við að skipuleggja til framtíðar þennan hluta menningar okkar; heilsuþöð og heilsutengda ferðamennsku.

12. Samantekt

Það hefur komið í ljós síðan nefnd um heilsutengda ferðþjónustu hóf störf sín að hægt er að skipta þessu verkefni niður í ótal þætti og undirþætti sem eiga heima undir ýmissi sérþekkingu annarri en ferðþjónustu. Í þessu sambandi má nefna læknavísindin, sérfræðinga Orkustofnunar, íþróttasérfræðinga, snyrti- og næringarfræðinga svo eitthvað sé nefnt.

Áherslur þær sem nefndin vill koma á framfæri snerta bæði innri uppbyggingu ferðþjónustunnar almennt sem og ýmsa þá þætti sem lúta að rannsóknum og úttektum á stöðu og framtíðarsýn í þessum málaflokki. Einnig telur nefndin að auka þurfi áherslur á tengingu við íslenska ferðamenn í allri markaðssetningu heilsutengdrar ferðþjónustu; opna augu þeirra fyrir náttúrunni og nauðsyn hreinleika landsins, þeirri ímynd sem nefndin telur mögulegt að vinni landinu og ferðþjónustunni til heilla.

Nefndin vill að unnið verði að ímynd Íslands sem heilsulands og lögð áhersla á hreint loft, vatn og náttúru og gæði heita vatnsins verði dregin fram. Lögð er áhersla á að athuga alla möguleika heilsulinda, líkamsræktar og íþróttar- og sundstaða sem heilsumiðstöðva sem hluta af heilsutengdri ferðþjónustu. Nefndin telur að vinna beri frekar að auknum gæðum, viðmiðum, menntun, eftirliti og ráðgjöf í heilsutengdri og almennri ferðþjónustu. Möguleikar heilbrigðisþjónustunnar verði skoðaðir og við nýjar aðstæður muni skapast ný tækifæri, sérstaklega vegna mikilla gæða og vel menntaðra og þjálfaðra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu með mikla reynslu, ekki síst vegna alþjóðlegrar menntunar og starfa. Fjölga þarf störfum í ferðþjónustu og stuðla að nýsköpun í greininni.

Það er skoðun nefndarmanna að heilsutengd ferðþjónusta eigi framtíð fyrir sér á Íslandi, en áður en áfram verði haldið á hverju svæði beri að vinna alla nauðsynlega frumvinnu og byggja með því á traustum og faglegum undirstöðum. Það er nauðsynlegt að framtíðarsýn fyrirtækja sé skýr og heilsteypt sem heilsufyrirtækja. Einnig að stefna sveitarfélags á viðkomandi svæði varðandi uppbyggingu heilsutengdrar ferðþjónustu liggi fyrir áður en hafist er handa við byggingu t.d. heilsuáðstaðar, til þess að tryggt sé að stefna sveitarfélagsins miðist við þjónustu við heilsuferðamenn. Heilsutengd ferðþjónusta fyrir Íslendinga sjálfa felst í heilsurækt og er fyrirbyggjandi heilbrigðismál.

SKÝRSLUR

<i>Nafn</i>	<i>Höfundur</i>	<i>Kom út</i>
1. Útflutningur á heilbrigðisþjónustu	Nefnd heilbr.ráðun.	1993
2. Heilsumiðstöð í Rvk.	Ísl. heilsufélagið hf.	1993
3. Die heissen Quellen und geysire.....	Próf. Dr. K. Höll, Hameln	1971
4. Útflutn. ísl. heilbr.þjónustu	Jón Garðar Guðmundss. HÍ	1992
5. Þýski heilsuferðamark. möguleikar Íslands	Útfl.ráð - markaðsath.	1992
6. Mögul. í útfl. ísl. heilbr.þj.	Útfl.ráð - Gunnar Rafn Birgiss.	1991
7. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Hveragerði '99-'03	Ýmsir	1999
8. Heilsuborgin Reykjavík	Greinargerð starfshóps á vegum Borgarráðs	Mars 1996
9. Ísland - heilsuparadís í norðri? Nýir möguleikar í ferðaþjónustu	Útflutningsráð og Orkustofnun	Júlí 1994
10. Jarðhitavatn á Íslandi. Efnafræði og nýting heilsubaða	Hrefna Kristmannsdóttir	Janúar 1994
11. Nýting jarðhita til ferðaþjónustu	Hrefna Kristmannsdóttir og fl.	Apríl 2000

ERINDI

Send voru erindi til eftirtalinna aðila:

Sendiráða Íslands í:

Noregi
Danmörku
Finnlandi
Bretlandi
Þýskalandi
Frakklandi

Kristján Vigfússonar (KV), starfsmanns samgönguráðuneytis EFTA/ESB í Brussel

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins

Sveitarfélaga:

Akraness
Akureyrar
Austur-Héraðs
Árborgar
Borgarbyggðar
Fjarðarbyggðar
Húsavíkur
Hornafjarðar
Ísafjarðarbæjar
Skagafjarðar
Stykkishólms
Reykjanesbæjar

Erindi þessi og svör viðkomandi aðila við þeim eru í vörslu samgönguráðuneytisins.

VIÐMÆLENDUR

Eftirtaldir voru boðaðir til fundar við nefndina:

- *Erna Hauksdóttir*, framkvæmdastjóri SAF
- *Hildur Jónsdóttir*, form. fræðslunefndar SAF
- *Hrefna Kristmannsdóttir*, deildarstjóri í Orkustofnun
- *Sigríður Þrúður Stefánsdóttir*, forst.m. Ferðamálastofna MK
- *Sigurður Guðmundsson*, landlæknir
- *Stefanía Sigurgeirsdóttir*, meinataeknir og viðskiptafræðingur,
sérfræðingur í heilsutengdri ferðaþjónustu
- *Stefán Gíslason*, umsjónarm. *Staðardagskrár 21* hjá Samb. ísl. sveitarfélaga
- *Steinn Logi Björnsson*, formaður SAF
- *Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson*, form. Samb. ísl. sveitarfélaga